

Rjetturinn verður nú að vera þeirrar skoðunar eftir því sem fram hefir komið í málinu, að ákærður hafi eigi verið harðhentari við Helga, en honum var heimilt eftir 40. gr. almennra hegningarlaga frá 25. júní 1869, er hann ýtti honum út úr bifreiðarstöðinni og þótt svo mikið sjá hafi orðið af því, sem raun er á orðin, verður að telja að það hafi hlotist af framferði Helga sjálfs og ástandi hans.

Verður því að sýkna ákærðan, sem kominn er yfir lögaldur sakamanna, fæddur 15. október 1883, og ekki hefir áður sætt ákæru eða reisingu fyrir neitt hegningarlagabrot, af ákærum rjettvisinnar í þessu máli.

Allur af máli þessu löglega leiddur og leidandi kostnaður greiðist af almannafje.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 20. apríl 1923.

Nr. 49/1922.

## Landsbanki Íslands

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

## Guðmundi Kr. Guðmundssyni

(Pjetur Magnússon),

um skyldu áfrýjanda til að greiða af hendi tryggingarfje.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. apríl 1922: Landsbanki Íslands greiði stefnanda Guðm. Kr. Guðmundssyni 26500 danskar krónur með 6% ársvöxtum frá 7. júlí 1921 og 300 krónur í málskostnað. — Dóminum ber að fullnægja áður en liðnir eru 15 dagar frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

## Dómur hæstarjettar.

Það er upplýst hjer fyrir rjettinum að gufuskipið Marie Louise, er flytja átti kol þau, er ræðir

um í málinu, varð fyrir sjóhrakningum og gat ekki haldið ferð sinni áfram, en í stað þess útvegaði J. Malandain nýtt skip og sendi með því nýjan kolafram til skipa sinna, er stunduðu fiskiveiðar hjer við land. Skip þetta kom til Seyðisfjarðar 4. júní 1921 og ætlaði þá nefndur Malandain, að því er virðist, að senda skipið til Reykjavíkur með kol til stefnda, en af því varð þó eigi, með því að stefndi neitaði að taka á móti kolunum. Heldur áfrýjandi því nú fram, að með þessu kolaframboði hafi ábyrgð bankans fallið niður.

Á þetta verður eigi fallist. Í ábyrgðarskjali bankans er að visu eigi tekið fram innan hvers tíma kolin eigi að afhendast, en með því að þar er tekið fram að skip það, er átti að skila kolunum, hafi lagt af stað frá Englandi 23. mars 1921 og niðurfall bankaábyrgðarinnfar er miðað við komu skipins til Reykjavíkur, verður að skilja ábyrgðarskuldbindingu bankans svo, að þar sje gjört ráð fyrir að kolaskipið komi næstu daga eða innan hæfilegs tíma, enda hafði stefndi með símskeyti 13. apríl 1921 beðið J. Malandain að síma bankanum að greiða tryggingarfjeð, ef kolaskip hans yrði eigi komið 1. maí, og gat Malandain samkvæmt þessu eigi búist við að kolunum yrði veitt móttaka eftir þann tíma.

Þar sem kolin voru eigi boðin fram í tæka tíð og þar sem hinsvegar verður að fallast á þá skoðun undirdómarans, að greiðsluskylda bankans hafi ekki verið því skilyrði bundin að stefndi fengi dóm yfir Malandain og ennfremur að því athuguðu að líta verður svo á, að stefndi í viðskiftum þeim, er hjer ræðir um, hafi haft rjett til að reikna sjer 6% ársvexti af fje því, er hann lagði út fyrir J. Malandain, ber að staðfesta hinn áfrýjanda

dóm, þó með þeirri breytingu, er leiðir af því, að stefndi hefir hjer fyrir rjettinum lært kröfur sína niður í 27085 kr. 73 a. í íslenskum krónum með 6 % ársvöxtum frá 1. jan. 1922 að telja.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarjetti, er ákveðst 500 kr.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandi Landsbanki Íslands greiði stefnda Guðmundi Kr. Guðmundssyni 27085 kr. 73 a. með 6 % ársvöxtum frá 1. jan. 1922 til greiðsludags.

Ákvæði undirdómsins um málskostnað staðfestist. Svo greiði áfrýjandi stefnda 500 kr. í málskostnað fyrir hæstarjetti.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Að undangenginni árangurslausri sáttatilraun hefir Guðmundur Kr. Guðmundsson skipamiðlari hjer í bænnum höfðað mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, útgefinni 15. okt. f. á. gegn Landsbanka Íslands og krafist þess, að hann verði dæmdur til að greiða sjer 26500 kr. danskar með 6 % ársvöxtum frá 7. júlí s. á. til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndur hefir krafist sýkunar í málinu og málskostnaðar eftir mati rjettarins.

Á hinni stefndu upphæð stendur þannig, að stefndur tilkynnti stefnanda með brjefi dags. 15. apríl f. á., að hann eftir beiðni Landmandsbanken í Kaupmannahöfn tækist á hendur ábyrgð á 26500 dönskum krónum vegna Jerome Malandain, Fécamp. Á ábyrgð þessari stóð þannig, að þegar hún var gefin, voru hjer stódd 2 botnvörpuskip, sem voru eign eða undir umsjón nefnds-

Malandains. Höfðu skip hans fengið hjer 150 smálestir af kolum að tilhlutun stefnanda, og skyldi kolaskuld þessi greiðast með jafnmiklu af kolum, en með því að greiðslan drógst lengur en um samið var, ætlaði stefnandi, sem varð að greiða andvirði kolanna, þeim sem hann hafði fengið þau hjá, að kyrsetja skip Malandains til þess að ná borguninni með málssókn hjer. En til að fyrirbyggja kyrsetninguna útvegaði Malandain sjer tryggingu þessa og ljet stefnandi sjer það nægja og slepti skipunum. Ábyrgð þessi var þó þeim skilyrðum bundin að hún fjelli niður, ef stefnandi og Malandain semdu sín á milli um kolaskuld þessa. Eða kolin kæmu í gufuskipinu Marie Louise, sem virðist hafa lagt af stað eða átt að leggja af stað frá Englandi hingað 23. mars f. á., en ókomið þegar ábyrgðin var sett um miðjan apríl s. á. Svo líður og bíður þar til 1. júlí s. á. að skip þetta kemur ekki með kolin og sá stefnandi sjer þá ekki fært að biða lengur og lagði málið til satta, með því að Landsbankinn vildi ekki greiða hina umstefndu fjárhæð án dóms.

Ástæður þankans fyrir þessari undanfærslu eru þær, að hann telur ábyrgð sína ekki sjálfskuldarábyrgð og þurfi stefnandi því, áður en hann geti krafist greiðslu á ábyrgðarupphæðinni hjá bankanum, að fá dóm yfir Malandain og sanna á þann veg, að skuldin sje rjettmætt og ennfremur að sanna, að hann (o: stefnandi) geti ekki fengið greiðslu hjá Malandain þótt dómur liggji fyrir um rjettmæti skuldarinnar.

Stefnandi lítur aftur á móti þannig á, að bankinn hafi með nefndu brjefi sínu tekist á hendur sjálfstæða skyldu til að greiða hina umþrættu skuld ef hvorugt hinna nefndu skilyrða yrði uppfyllt.

Eins og vikið er að áður hafði Landsbankinn ábyrgst stefnanda greiðslu hinnar umstefndu upphæðar, ef honum yrðu ekki afhent 150 smál. af kolum in natura, úr skipi, sem hlaðið var til ferðar hingað um 23. mars f. á. eða ef samkomulag yrði ekki að öðru leyti milli stefnanda og Malandain. Að öðru leyti en þessu virðist greiðsluskylda bankans skilyrðislaus með öllu. Nú er það in confesso í málinu, að hvorugt hinna nefndu skilyrða hafi uppfyllt og verður rjetturinn því að lita svo á, að bankanum sje skylt að greiða hina umstefndu upphæð með umkröfðum vöxtum, enda er svo að sjá af símskeyti Malandains til stefnanda frá 23. apríl f. á. (rskj. nr. 15) að hann líti þannig á ábyrgðina, því að í skeyti þessu tilkynnir hann stefnanda, að Landsbankinn

muni greiða gegn afhendingu kvittana. Ánk þess virðist stefnandi með rjettu hafa getað gengið út frá því, er hann fjekk tryggingu bankans og slepti með því kyrsetningarvarnarþinginu hjer á landi, að ábyrgðin væri þess eðlis sem hjer er gengið út frá, því að ella átti hann á hættu ærinn kostnað og drátt, en ábyrgðarupphæðin var ekki hærri en svaraði verði kolanna.

Ennfremur verður að dæma bankann til að greiða málskostnað er ákveðst 500 krónur.

---

Mánudaginn 30. apríl 1923.

Nr. 4/1923.

**Árni Böðvarsson**  
 gegn  
**Sigfúsi Vormssyni og Snæbirni**  
**Bjarnasyni.**

**Dómur hæstarjettar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Árni Böðvarsson, er eigi mætir í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til ríkissjóðs, ef hann af nýju vill fá mál sitt tekið fyrir í hæstarjetti.

---

Mánudaginn 30. apríl 1923.

Nr. 9/1923.

**Tómas Jónsson og Ólafur**  
**Ólafsson**  
 gegn  
**Pjetri M. Bjarnarson**  
 (sjálfur).

**Dómur hæstarjettar.**

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjendur, Tómas Jónsson og Ólafur Ólafsson, er eigi mæta í málinu, greiði 50 kr. aukagjald til